

Borgarráð Reykjavíkur
b.t. Ólafar Magnúsdóttur
Skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

24. janúar 2019

BORGARRÁÐ 8. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um siðareglur fyrir samskipti Félagsbústaða við leigutaka - R18110062

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins snýst um að beina því til stjórnar Félagsbústaða að samdar verði siðareglur um samskipti starfsfólks Félagsbústaða Reykjavíkurborgar við leigutaka Félagsbústaða og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Svar: Í desember 2017 var samþykkt leiðarljós í 6 liðum fyrir Félagsbústaði. Í lið tvö er kveðið á um starfsskyldur og felast siðferðilegar leiðbeiningar:

2. Starfsskyldur

Starfsfólk FB gegnir störfum sínum af alúð og samvirkusemi með hagsmuni fyrirtækisins og viðskiptavina þess að leiðarljósi, án tillits til eigin hagsmuna eða persónulegra skoðana. Starfsfólk gætir í hvívetna að kurteisi og réttssýni og hefur í heiðri heiðarleika og sanngirni og starfar í anda jafnréttis. Starfsfólk sýnir viðskiptavinum virðingu og umburðarlyndi, virðir friðhelgi heimila vegna viðkvæmra starfa inn á þeim og rækir störf sín af þjónustulund og ábyrgð. Starfsfólk vinnur saman af heilindum og að settum markmiðum FB, sýnir hvort öðru virðingu og virðir verkaskiptingu sín á milli, vinnutíma og frítíma hvers annars. Starfsfólk virðir tilfinningar og einkalíf hvers annars. Til að koma til móts við fjölskyldur starfsmanna munu FB leitast við að bjóða upp á sveigjanleika á vinnutíma eða annarri hagræðingu, eftir því sem við verður komið.

Nú stendur yfir vinna við mótun mannauðsstefnu og siðareglna sem vænta má að lagðar verði fyrir stjórn Félagsbústaða í mars.

Virðingarfyllt,



Sigrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri